

2020 nr. 65 22. júní**Lög um Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóð**

Tóku gildi 1. júlí 2020.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðherra eða háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. Markmið.

□ Markmið laga þessara er að efla vöxt og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að stuðla að virku fjármögnun-
arumhverfi fyrir sprota- og nýsköpunarfyrirtæki.

■ 2. gr. Sérstakur sjóður.

□ Starfrækja skal sérstakan sjóð, Kríu – sprota- og nýskö-
punarsjóð, sem er sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins og heyrir
stjórnarfarslega undir ráðherra.

□ Ráðherra er heimilt að fela þriðja aðila með samningi fag-
lega umsýslu sjóðsins.

■ 3. gr. Hlutverk.

□ Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóði er heimilt að fjárfesta
í sérhæfðum sjóðum sem hafa þann tilgang að fjárfesta í
sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum og uppfylla skilyrði laga
þessara og reglna settra á grundvelli þeirra. Að hámarki get-
ur eignarhlutur sjóðsins numið 30% í viðkomandi sérhæfðum
sjóði, eða 2 milljörðum kr.

■ 4. gr. Stjórn.

□ Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Kríu – sprota- og
nýsköpunarsjóðs til fjögurra ára í senn. Einn skal skipað-
ur samkvæmt tilnefningu forsætisráðherra, annar samkvæmt
tilnefningu þess ráðherra sem fer með fjárreiður ríkisins og
þrír án tilnefningar og skal einn þeirra skipaður formaður.
Stjórnarmenn skulu hafa haldgóða þekkingu á fjárfestingar-
starfsemi og/eða rekstri sprota- og nýsköpunarfyrirtækja.

□ Stjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi Kríu – sprota- og
nýsköpunarsjóðs. Verkefni stjórnar eru m.a.:

1. gerð starfsreglna sem staðfestar skulu af ráðherra,
2. að hafa yfirumsjón með rekstri og umsýslu sjóðsins,
3. að auglýsa eftir umsóknum um þátttöku í sérhæfðum
sjóðum,

4. mat á umsóknum um þátttöku í sérhæfðum sjóðum,

5. ákvarðanir um þátttöku í sérhæfðum sjóðum og samn-
ingagerð varðandi slíka þátttöku,

6. gerð ársreiknings og ársskýrslu um starfsemi og fjár-
festingar sjóðsins til ráðherra,

7. ávöxtun eigin fjár.

□ Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

□ Ákvarðanir stjórnar Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs
samkvæmt lögum þessum eru endanlegar á stjórnarsýslustigi.

■ 5. gr. Rekstur.

□ Ráðstöfunarfé Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs er:

1. framlag úr ríkissjóði sem veitt er á fjárlögum hverju
sinni,

2. arður af fé sjóðsins,

3. aðrar tekjur.

□ Allur kostnaður af rekstri Kríu – sprota- og nýsköpunar-
sjóðs greiðist af fé sjóðsins.

■ 6. gr. Endurskoðun reikninga.

□ Stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs skal láta semja
ársreikning í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Rík-
isendurskoðun annast árlega endurskoðun ársreiknings sjóðs-
ins.

■ 7. gr. Þagnarskylda.

□ Stjórnarmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk sam-
kvæmt lögum þessum eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla
stjórnarsýslulaga.

□ Sá sem veitir viðtöku upplýsingum í tengslum við verk
sem um getur í 1. mgr. er bundinn þagnarskyldu með sama
hætti og þar greinir.

■ 8. gr. Reglugerð.

□ Ráðherra skal í reglugerð¹⁾ setja nánari ákvæði um fram-
kvæmd laga þessara, m.a. um skilyrði fyrir fjárfestingum og
hvernig staðið skuli að fjárfestingum að öðru leyti, undirbún-
ing ákvarðana stjórnar, ávöxtun eigin fjár sem er ekki bund-
ið í fjárfestingum og önnur atriði sem nauðsynleg eru til að
sjóðurinn geti sinnt hlutverki sínu skv. 3. gr.

¹⁾ Rg. 255/2021, sbr. 1408/2022. Rg. 1043/2021.

■ 9. gr. Gildistaka.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.